

Fundargerð	Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ		
Samþykkt: SJ	Fundargerð	
Síða 1-		

Tegund fundar: Skólanefndarfundur

Fundarritari: Guðmundur Arnlaugsson

Dagsetning: 12.3.2025

Fundarstjóri: Helga Jóhannsdóttir

Tími: kl. 16:30 – 17:35

Fundinn sátu: Sigríður Jónsdóttir (foreldrafélagi), Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir (varamaður kennara)

Mætt:

TEAMS: Margrét M. Norðdahl, Magnea Gná Jóhannsdóttir, Einar Örn Ævarsson, Eyþór Laxdal Arnalds,

Tilefni: Fundur nr. 1 2025

Gestur: Signý Marta Böðvarsdóttir

Forföll

Aðalsteinn Haukur Sverrisson (Formaður skólanefndar), Ásdís Þórólfsdóttir fulltrúi kennara sendi inn varamann Jóhanna), Arnaldur Halldórsson (forseti NFMH) vegna æfinga fyrir Diskóeyjuna.

Fundarefni :

1. Breytingar í MH vor 2025 og hvað er á döfinni í skólastarfinu.
2. Fjárhagur skólans og sparnaðaraðgerðir - kynning Signýjar.
3. Önnur mál

1. Breytingar í MH vor 2025 og hvað er á döfinni í skólastarfinu.

Farið yfir breytingar í stjórnendateymi skólans, stöðu Steins rektors á næsta ári og aukið hlutverk Signýjar fjármálastjóra í stjórnendateyminu. Farið yfir hvað er á döfinni: Opið hús, valvika, umsóknir á fjölnámsbraut (mikill áhugi), nýr umsóknarvefur, og brátt opnar fyrir umsóknir eldri nema (næsta föstudag). Einnig komu 8 hollenskir skólastjórnendur í heimsókn 11. mars og áttu stjórnendur góðar og gagnlegar umræður við þau.

2. Fjárhagur skólans og sparnaðaraðgerðir - kynning Signýjar.

Signý fór yfir nýundirritaðan ársreikning skólans, fjárhagsvandræði og hugmyndir um hagræðingu. Ársvelta skólans var um 1,8 milljarðar. Fjárhagsstaða skólans versnaði um 49 milljónir, og er skólinn nú búinn að klára uppsafnaðan rekstrarafgang fyrri ára. Hallinn er í raun 43 milljónir. Signý leggur áherslu á að þetta er bara 2,7% halli, en það er áhyggjuefni að hallinn hefur verið viðvarandi síðustu 3-4 ár.

Klárað var að endurnýja húsgögn í eldri byggingu, en það hefur staðið yfir frá 2020. Einnig var kostnaður við nýja skólaskjái, sem hafa reynst afar vel, og nýtt aðgangskerfi að skólanum. Aðgangskerfið mun svo minnka þörf á yfirvinnu við húsvörslu. Kostnaður vegna innbús er annars ótengdur öðrum fjárútlátum til skólans.

Bent var á að búið væri að lækka framlagið til okkar og annarra skóla vegna hagræðingarkröfu á framhaldsskólana. Nemendagildum hefur fækkað verulega síðan 2020, voru 1100 þá en nú í

Fundargerð	Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ		
Samþykkt: SJ		
Síða 2-	Fundargerð	

ár eru þau 930 og fækkar næst í 920. Ýmsir aðrir þættir hafa íþyngt rekstri skólans, meðal annars 28 milljóna króna hækkun á húsaleigu vegna verðbólgu og kostnaður vegna langtímaveikinda sem hefur numið 15-30 milljónum árlega auk yfirvinnukostnaðar annarra kennara af þeim sökum.

Nokkur samdráttur hefur verið í launakostnaði. Stöðugildum hefur fækkað um eitt og yfirvinnukostnaður lækkaði um sjö milljónir milli ára. Skólinn hefur þegar sparað verulega í millistjórnun með því að fækka stöðugildum prófstjóra og tölfusmiðs, afnema launabrep vegna ýmissa starfa og endurskipuleggja verkefni innan skólans, en bent var á að reiknilíkan til skólanna væri ósanngjarnt þar sem kostnaður vegna húsnæðis og starfsmanna helst óbreyttur þrátt fyrir færri nemendur, og að launakostnaður sé stærsti útgjaldaliðurinn sem erfitt sé að draga úr án verulega íþyngjandi aðgerða. Þá hafi húsaleiga hækkað um 28 milljónir vegna þróunar verðbólgu.

Meðal sparnaðarhugmynda sem ræddar voru má nefna breytingar á fyrirkomulagi ræstingar, meiri stýringu á vali nemenda til að stækka hópa. Þá mun skólinn fara fram á aukin framlög vegna IB deildar, sem hefur stækkað um þriðjung á síðustu árum, og vegna norsku- og sænskukennslu sem og fjölnámsbrautar. Einnig var rætt um aðrar leiðir til að afla fjár, svo sem hvort fjarnám gæti orðið skólanum til happs og að hætta að taka lítið notaðar kennslustofur eða aðra hluta húsnæðis á leigu til að draga úr leigukostnaði, en það voru skiptar skoðanir um þau mál. Einnig var bent á að það væri nær enginn hvati fyrir skólann til að afla tekna, t.d. með leigu á íþróttahúsi, því framlag til skólans minnkaði á móti öllum sértekjum.

Spurt var um samanburð við aðra framhaldsskóla og svona fjárhagsvandræði eru algeng hjá öðrum skólum, flestir eru að leita leiða til að skera niður kostnað. Í grunninn væri reiknilíkan framhaldsskóla ekki alls kostar sanngjarnt. Kostnaður vegna húsnæðis, starfsmanna og fleira væri óbreytt þrátt fyrir færri nemendur. Leigukostnaður er sligandi í rekstrinum en aðal útgjaldaliður skólans er launakostnaður. Óhugsandi að draga verulega úr honum án verulega íþyngjandi aðgerða. Að lokum benti þó Signý á að það hefði mikil hagræðing átt sér stað nú þegar og áhrif hennar ættu kannski eftir að að koma betur í ljós.

3. Önnur mál

Næsti fundur er ráðgerður 11. eða 18. júní 2025. 16:30 Það verður lokað fyrir umsóknir 10. Júní – eða viku seinna 18. Júní. Spurt var hvort e.t.v. væri nóg að hittast þrisvar sinnum á ári. Gætum við sleppt júnífundinum og hist næst í september, í júní væri lítið sem þyrfti að ræða sem ekki væri hægt að tækla um haustið. Ákveðið að athuga betur hver fundarskyldan væri og ef ekki væri kveðið sérstaklega á um fjóra fundi yrði næst fundað í september. Mögulega yrði þó fundað stuttlega á Teams í júní ef þörf væri á.

Fundi slitið kl. 17:35

Veitingar : Vínber, makkarónur, súkkulaði smákubbar.